Viðhald gatna	26
Snjómokstur og hálkueyðing	26
Almenningssamgöngur	27
UMHVERFISMÁL	27
Umhverfisfulltrúi	27
Skrúður	27
Almenningsgarðar	27
Opin svæði	27
Umhirða gatna	27
Lóðahreinsun	27
Skreytingar jól, aðrar hátíðir	27
Minka- og refaeyðing	27
EIGNASJÓÐUR	28
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	29
FUNI: FASTEIGNIR	29
VATNSVEITA	29

FRÁVEITA.....	29
EYRI	29
FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR	29
SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR.....	30
Slökkvilið (ásamt brunahönum og rekstur bifreiða).....	30
Sjúkraflutningar	30
Öryggisþjónusta	31
Slökkvitækjaþjónusta	31
Almannavarnir og náttúruhamfarir.....	31
HAFNARSJÓÐUR.....	32
SKEMMTIFERÐASKIP	32
SJÁVARAFLI.....	32
FRAMKVÆMDIR VIÐ HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR	33
BYGGÐASAFN VESTFJARÐA.....	35
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD.....	36
VAXTATEKJUR	36
TEKJUR AF EIGNARHLUTUM.....	36
VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD.....	36
FJÁRFESTINGAR.....	37
Fjárfestingar árið 2021	37
FJÁRFESTINGARÁÆTLUN 2021-2024.....	38
STÖÐUGILDI	39
ÁÆTLUN STYRKJA OG FRAMLAGA 2021	40

ALMENNAR FORSENDUR

LAGAUMGJÖRD


Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021 er lögð fram og unnin samkvæmt fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 15. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum. Vegna sérstakra aðstæðna í ár (Covid-19) var hægt að sækja um frest á fyrri umræðu eigi síðar en 1. desember og síðari umræðu eigi síðar en 31. desember 2020, sem sveitarfélagið gerði.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er því eiginleg fjárveiting til rekstrar Ísafjarðarbæjar og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Ísafjarðarbæjar er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga. Á myndinni hér að neðan má sjá áætlun útsvars fyrir árið 2020 og 2021 ásamt samanburði áætlunar við niðurstöðu hvers árs fyrir árin 2016 til 2019.



Graf 1: Samanburður útsvarsgreiðslna árin 2016-2021

Í útkomuspá 2020 er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 2,5% milli áranna 2019 og 2020 en gerður var viðauki í október 2020 eftir að ljóst var hver áhrifin af Covid-19 yrðu.

Lagt er til að útsvarsgreiðslur fyrir árið 2021 verði áætlaðar 2.300 m.kr. samanboreð við 2.264 m.kr. í viðauka áætlun 2020, sjá nánar töflu 1. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun íbúa í þessari áætlun en gert er ráð fyrir að staðgreiðsluskyldar tekjur hækki um 2%. Í áætlun 2021 er staðgreitt útsvar áætlað 2.250 m.kr. og eftirgreitt útsvar áætlað 50 m.kr. Nánar má sjá um þróun útsvarsstofns í töflu 1.

Ár	Útsvars-hlutfall	Útsvarsstofn	breyting % frá ár-1	Álagt útsvar skv. álagningarskrá	Álagt útsvar, hluti Jöfnunar-sjóðs	Verðbætur, kostnaður, frádráttur	Áætlun/skilun staðgreiðsla ríkissjóður
2021á	14,52%	18.717.777.181	2,00%	2.717.821.247	-329.427.113	-88.394.133	2.300.000.000
2020á	14,52%	18.350.761.942	2,50%	2.664.530.634	-322.967.758	-77.335.876	2.264.227.000
2019	14,52%	17.903.182.383	8,88%	2.599.542.082	-310.247.525	-76.197.780	2.213.096.777
2018	14,52%	16.442.338.478	10,25%	2.387.427.547	-289.385.157	-68.807.961	2.029.234.429
2017	14,52%	14.913.457.955	6,41%	2.165.434.095	-262.476.860	-54.091.826	1.848.865.409
2016	14,52%	14.014.733.395	7,93%	2.034.939.289	-246.659.308	-50.496.503	1.737.783.478

Tafla 1: Þróun útsvars árin 2016-2021

Á árinu 2019 fjölgaði íbúum sveitarfélagsins um 0,24% og voru 3.809 í ársbyrjun 2020. Í nóvember 2020 er fjöldi skráðra íbúa 3.780 og er því lækkun um 0,76%.

Samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar frá 8. október sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendir sveitarstjórnnum var áætlað að verðbólga ársins 2021 yrði um 3%. Notast var við þær forsendur við gerð fjárhagsáætlunar en gjaldskrárhækkunar látnar taka mið af 2,5% verðbólgu vegna lífsskjarasamninganna.

FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Í töflu 2 má sjá þróun skatthlutfalla milli ára 2016 til 2021.

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Fasteignaskattur A	0,560%	0,625%	0,625%	0,625%	0,625%	0,625%
Lóðarleiga	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%
Vatnsgjald	0,10%	0,10%	0,21%	0,21%	0,21%	0,21%
Holræsagjald	0,20%	0,20%	0,25%	0,25%	0,25%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	52.600	45.725	46.642	46.642	46.642	40.558
Sorpgjald dreifbýli	34.500	29.984	31.687	31.687	31.687	27.554
Fasteignaskattur B,C	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Lóðarleiga B,C	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%
Vatnsgjald B,C	0,30%	0,30%	0,30%	0,30%	0,30%	0,30%
Holræsagjald B,C	0,33%	0,33%	0,33%	0,33%	0,33%	0,33%

Tafla 2: Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2016-2021

Frá árinu 2017 til 2021 hækkaði fasteignamat í Ísafjarðarbæ samtals um 52,9%. Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2020 var 41.908.683 m.kr. og fyrir árið 2020 er það 46.803.996 m.kr. eða hækkun um 11,7%.

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Húsmat	41.864.208	37.437.184	33.779.864	29.654.664	27.649.833	25.304.674
Landmat	4.939.788	4.471.499	4.284.485	3.827.981	3.412.068	3.012.737
Samtals	46.803.996	41.908.683	38.064.349	33.482.645	31.061.901	28.317.411
	11,7%	10,1%	13,7%	7,8%	9,7%	0,5%

Tafla 3: Þróun fasteignamats árin 2016-2021, í þúsundum króna

Fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsgjald og holræsagjöld

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur hækki ekki umfram 3%. Með lækkun á skatthlutfalli A flokks fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er því markmiði náð og hækkar fasteignaskatturinn því um 2,9% á milli ára en hefðu annars hækkað um 9,2%.

	2021		2020		2019	2018
	0,56%/1,65%	%2020/2021	0,625%/1,65%	%2019/2020	0,625%/1,65%	0,625%/1,65%
Fasteignaskattur A flokk	197.265.036	3,16%	191.217.396	10,42%	173.175.316	149.416.041
Fasteignaskattur C flokk	139.603.069	2,86%	135.723.383	9,55%	123.893.678	115.433.828
Fasteignaskattur B flokk	37.180.974	2,18%	36.388.994	8,17%	33.641.493	31.268.943
Fasteignaskattur 0 flokk	144.682	-8,38%	157.922	9,42%	144.332	133.238
	374.193.761	2,9%	363.487.695	9,9%	330.854.819	296.252.050

Tafla 4: Þróun fasteignaskatts árin 2018-2021

Skatthlutföll vatnsgjalds og holræsagjalds haldast óbreytt á milli ára en þau skatthlutföll voru lækkuð verulega á árinu 2020 en gjöldin hækka á árinu 2021 sökum hækkunar á fasteignamati. Sorpgjöld hækka um 15% frá árinu 2020 en áætlaður sorpkostnaði sveitarfélagsins er 2,2 m.kr. hærri en þjónustugjöld sorpgjalda á árinu 2021 og er því fyrirséð að álagning gjaldanna fari ekki fram úr kostnaði sveitarfélagsins við veitta þjónustu, sbr. 2. mgr. 9 gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 162/2019. Fasteignagjöld hækka því samanlagt um 6,8% á milli ára og eru áætluð 706 m.kr. eins og sjá má í töflu 5.

	2021 áætl.	2020	2019	2018	2017	2016
Fasteignaskattur	374.193.783	362.850.284	330.144.478	297.266.076	273.246.292	252.019.067
Lóðarleiga	82.649.185	75.780.186	71.180.782	64.945.763	58.423.841	50.676.032
Vatnsgjald	64.053.119	58.614.171	79.508.828	69.879.847	64.487.962	59.345.855
Holræsagjald	97.088.560	87.153.293	91.280.347	79.754.243	74.262.016	68.170.895
Sorpgjald	87.799.158	76.156.606	79.674.911	77.367.644	77.761.763	65.482.670
Samtals	705.783.805	660.554.540	651.789.346	589.213.573	548.181.874	495.694.519
	6,8%	1,3%	10,6%	7,5%	10,6%	3,3%

Tafla 5: Þróun fasteignagjalda árin 2016-2021


JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem

settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga s.s. vegna fasteignagjalda en útgjaldajöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Í endurskoðaðri áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir heildarframlagi að fjárhæð kr. 778 m.kr. en í samþykktari áætlun 2020 var gert ráð fyrir 929 m.kr. og hefur því töluverð skerðing hlotist af Covid-19 á liðnu ári, eða lækun um 151 m.kr. Á árinu 2021 er heildarframlag Jöfnunarsjóðs áætlað 842 m.kr. Nánari sundurliðun og þróun jöfnunarsjóðs frá árinu 2013 má sjá í grafi 2.



Graf 2: Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2013-2021


VELFERÐARSVIÐ

SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS

Frá og með 1. apríl 2020 tók gildi samningur á milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbæjar um félagsþjónustu. Stöðugildi öldrunarfulltrúa sem áætlað var á skrifstofuna í fjárhagsáætlun 2020 er fært yfir á félagsstarf aldraðra 02-410 á árinu 2021. Túlkaþjónusta bókast á skrifstofuna, kostnaður vegna hennar hefur vaxið eftir að verkefninu móttaka flóttamanna lauk.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ


Óvissa er um hvernig ástand vegna Covid-19 mun þróast, einnig er óvissa á vinnumarkaði. Fleiri einstaklingar en gert var ráð fyrir eru að nýta virkniúrræði á vegum Fjölsmiðju, með styrk frá Ísafjarðarbæ, en sá styrkur bókast á önnur félagsleg úrræði (02-110-9161), bókaðist áður á 02-890. Gert er ráð fyrir lækkun á þessum lið í samvinnu við Vesturafn. Einstaklingar sem nýta rétt sinn til fjárhagsaðstoðar eru enn að mestu einhleypir einstaklingar og einstæðir foreldrar. Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki í janúar samkvæmt vísitölu, líkt og reglur gera ráð fyrir.



Graf 3: Þróun fjárhagsaðstoðar árin 2017-2021

AFSLÁTTUR AF FASTEIGNAGJÖLDUM ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA

Samkvæmt 4. mgr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga eru fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir nýta sjálfir, lækkaður eða felldur niður í samræmi við viðmiðunarreglur, þó að hámarki kr. 100.000,-. Áætlaður styrkur hækkar lítillega frá árinu 2020, tekjuforsendur hækka um 2,5%.



Graf 4: Þróun afsláttá fasteignagjalda aldraðra og öryrkja árin 2015-2020


Tekjuforsendur	2020		2021	
	Einstaklingur	Hjón	Einstaklingur	Hjón
100% ef tekjur allt að	3.664.000	5.862.000	3.755.000	6.008.000
80% ef tekjur allt að	4.103.000	6.565.000	4.206.000	6.729.000
60% ef tekjur allt að	4.596.000	7.353.000	4.711.000	7.537.000
40% ef tekjur allt að	5.147.000	8.235.000	5.276.000	8.441.000
20% ef tekjur allt að	5.765.000	9.224.000	5.909.000	9.454.000

Tafla 6: Tekjuviðmið árið 2020 og tillaga að tekjuviðmiði 2021

BARNAVERND

Samningur er um sameiginlega ábyrgð Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps á barnavernd. Þátttaka sveitarfélaganna er hlutfallsleg og miðast við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Fjórir starfsmenn sinna bakvöktum, sviðsstjóri er einn af þeim en hans bakvaktir og útköll eru ekki í launaáætlun. Lögfræðikostnaður er mjög mikill á árinu 2020 en sveiflur í slíkum kostnaði geta verið verulegar og ófyrirsjáanlegar. Áætlun fyrir árið 2021 er þrjár milljónir. Sérfræðiþjónusta án virðisauka lækkar, gert er ráð fyrir gerð þriggja forsjárhæfismata. Nýr deildarstjóri í barnavernd tók til starfa í maí 2020.

Kostnaður vegna fósturs utan heimilis er stærsti einstaki liðurinn í barnaverndinni. Gert er ráð fyrir aukningu vegna fjölgunar fósturvistana. Kostnaður vegna úrræða á heimili vex einnig þar sem auka hefur þurft tilsjón á heimilum. Tveir starfsmenn sinna þessu hlutverki, annar í 50% stöðugildi, hinn í tímavinnu. Kostnaður vegna úrræða utan heimilis (stuðningsfjölskyldur) lækkar vegna breytinga, t.d. vegna flutninga og tilfærslu á úrræðum.



Graf 5: Barnavernd

ALMENNT UM MÁLAFLOKK ALDRAÐRA

Öldrunarfulltrúi kom til starfa seint á árinu 2019. Á margan hátt hefur tafist að koma áætlunum um breytingar í öldrunarþjónustu í ferli vegna Covid-19, bæði hvað varðar aðstöðu og þjónustu. Gert er ráð fyrir að öldrunarfulltrúi starfi í öllum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og í Súðavík. Á undanförunum mánuðum hefur samvinna öldrunarfulltrúa og iðjupjálfa á dagdeild reynst farsæl fyrir þá sem nýta dagdeildina.

Matarþjónusta

Kostnaður vegna matarþjónustu hefur vaxið umtalsvert og því nauðsynlegt að leita allra leiða til þess að minnka kostnað. Þetta á við um alla matarþjónustu fyrir aldraða, þ.e. á Þingeyri, Flateyri og á Ísafirði. Heimsending matar á sér einnig stað um helgar á Ísafirði en var áður einungis á virkum dögum.

STUÐNINGSPJÓNUSTA

Stuðningsþjónusta (02-150) er nýtt samheiti fyrir þrjár deildir, Félagsleg heimþjónusta (02-440), Félagsleg liðveisla (02-520) og frekari liðveisla (02-550), sem fellur hér með undir grunnþjónustu sveitarfélagsins. Af þessum liðum voru tveir þeir fyrstu á ábyrgð sveitarfélagsins fram að lagabreytingu í október 2018 en frekari liðveisla var greidd af BsVest. Nú gera lög ráð fyrir að fyrstu 65 stundir í hverjum mánuði séu stuðningsþjónusta á hendi sveitarfélagsins. Þjónustan hefur þýngst verulega, biðlistar eru eftir húsnæði á Hlíf og hjúkrunarrými í sveitarfélaginu eru ekki nógu mörg.

Frístundaþjónusta (var áður lengd viðvera/sumarþjónusta)

Í nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk er ákvæði um frístundaþjónustu sem hingað til hefur verið veitt af sveitarfélaginu með lágu framlagi frá Jöfnunarsjóði. Vaxandi fjöldi fatlaðra barna hefur nýtt sér þjónustuna. Lögin kveða á um að þjónustan standi til boða þar til einstaklingar ljúka framhaldsskóla.

Dagdeildir

Dagdeildarpláss í Ísafjarðarbæ eru samtals 13. Vinna við að nýta þau betur hófst á árinu 2019 og hefur skilað verulegum árangri. Leggja þarf mikla áherslu á að fullnýta plássin og með því nýta fjármagn betur með því að lækka hlutfall einstaklingsþjónustu. Gert er ráð fyrir lengdum opnunartíma á dagdeildum og jafnframt að pláss verði færð til Þingeyrar þar sem verulega aukin þörf er á þjónustu.

Ferðaþjónusta fatlaðra


Mikil hækkun hefur orðið á kostnaði í ferðaþjónustunni eftir að nýr samningur tók gildi. Tekið verður til skoðunar hvort það borgi sig að Ísafjarðarbær sjái alfarið um aksturinn, þ.e. með kaupum á bifreið og ráðningu starfsmanns.

ALMENNT UM MÁLAFLOKK FATLAÐRA

Gert hafði verið ráð fyrir verulegri hækkun kostnaðar í skammtí mavistun vegna fjölgunar barna en vegna búferlaflutninga verður ekki af því. Kostnaður í búsetum vex mikið, aðallega vegna kjarasamningshækkana en einnig vegna Covid-19. Veikindi setja enn strik í reikninginn, bæði veikindi skjólstæðinga og starfsfólks. Lunginn af rekstri búseta eru laun.

Einn NPA samningur verður í gildi á árinu 2021.

Verið er að skoða hvort skammtí mavistun gæti verið á annarri hæð í Hvestu. Með því yrði húsnæðið nýtt betur og svigrúm myndi skapast í Pollgötu fyrir fjölgun íbúa í sólarhringsþjónustu. Eining með fjórum búsetum er óhentug, íbúafjöldi í þjónustu þyrfti að vera að lágmarki sex svo hagræðing náist.



Graf 6: Málefni fatlaðra 2018-2021, í þúsundum króna

MÁLEFNI FATLAÐRA – SAMEIGINLEGT

Hér bókast 2,02 stöðugildi sem Ísafjarðarbæ er úthlutað af þeim fjórum stöðugildum sem skilgreind eru í stjórnun og ráðgjöf í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum. Jafnframt bókast hér 0,09 stöðugildi sem fylgja Súðavíkurbænum á sömu forsendum. Einhverfuráðgjafi er kominn í 30% stöðugildi, líkt og ráð hafði verið fyrir gert, rúmlega hálf staða sviðsstjóra, heil staða deildarstjóra og 20% staða annars deildarstjóra er bókuð á 02-510 sem er málefni fatlaðra, sameiginlegt. Deildarstjóri fer í fæðingarorlof, ekki verður ráðin afleysing fyrir hann en verkefnum dreift á sviðsstjóra og aðra starfsmenn. Samkvæmt áætlun BsVest verður dregið úr fjárhagslegri aðkomu samlagsins að rekstri skrifstofunnar. Þannig muni BsVest eftirleiðis greiða sem nemur 10% af kostnaði vegna 2,09 stöðugilda sem rekstrarframlag til 02-510. Miðað er við grunnlaunataxta stéttarfélags viðkomandi starfsmanna, með persónuálagi.

Búsetur

Kostnaðurinn í búsetum hefur vaxið. Ástæðan er m.a. alvarleg veikindi sem enn sér ekki fyrir endann á. Covid-19 hefur jafnframt komið illa niður á starfseminni. Veruleg hækkun verður vegna kjara-samningshækkana en lunginn af rekstri búseta eru laun. Ákveðið var að lækka yfirvinnu í áætluninni þannig að í stað 8 tíma í yfirvinnu á stöðugildi á mánuði verði skráðir 5 yfirvinnutímar. Þetta er í raun veikindapottur. Sérstakt átak verður gert í að minnka fjarvistir.

Skammtíamavistun

Rekstur skammtíamavistunar helst óbreyttur á milli ára.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA FATLAÐRA – BYGGÐASAMLAG

Hér er gert ráð fyrir að greiðslur frá BsVest standi undir kostnaði vegna málefna fatlaðra, utan grunnþjónustu sveitarfélagsins. Málaflokkurinn er í stöðugri endurskoðun. Sjá skýringu á 02-510 hér að ofan, undir málefni fatlaðra – sameiginlegt.

	2021_áætl	BsVest	2020_MV	2019
02510 Málefni fatlaðra, sameiginlegt	50.261	(44.606)	53.599	55.308
02550 Stöðþjónusta	52.965	(52.965)	46.359	24.999
02561 Búseta Fjarðarstræti	73.142	(73.142)	64.673	62.281
02562 Búseta Sindragötu	122.547	(122.547)	117.901	109.970
02563 Búseta Pollgata	121.803	(121.803)	120.697	88.542
02570 Skammtíamavistun	23.365	(23.365)	23.592	32.418
02580 Hvesta	62.002	(62.002)	59.378	53.539
Samtals gjöld	506.085	(500.430)	486.201	427.057
Endurgreiðslur frá BSV	(500.430)		(485.326)	(425.542)
Niðurstaða reksturs	5.655		874	1.514

Tafla 7: Málefni fatlaðra 2019-2021, í þúsundum króna

ÝMSIR STYRKIR

Lítil breyting er áætluð í stuðningi við Vesturafl, Fjölsmiðju og aðra sem hafa notið stuðnings Ísafjarðarbæjar vegna starfsemi sinnar. Í ljósi góðrar reynslu af þjónustu Stígamóta er áfram gert ráð fyrir framlagi til samtakanna. Vá Vest sem sinnir forvarnarmálum hefur verið með föst fjárframlög til margra ára, áfram er gert ráð fyrir þeim. Gert er ráð fyrir styrk til AA vegna húsnæðis, styrk til Reykjadal vegna sumarbúða fyrir fötluð ungmenni, styrk til Kvennaathvarfs. Styrkur vegna reksturs verslunar á Hlíf fellur niður.

SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Undir skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar heyra málefni leikskóla, grunnskóla, dægradvalar, félagsmiðstöðvar, íþróttir og tómstundir, skíðasvæði, vinnuskólinn og tónlistarskólar. Áherslan er að styðja við og efla fjölbreytt skólastarf í víðum skilningi. Starfsumhverfi barna og ungmenna í Ísafjarðarbæ vinnur markvisst að því nemendur vaxi og dafni í skapandi umhverfi. Leggja þarf áherslu á að horfa á styrkleika einstaklinga, snemmtæka íhlutun og árangur hvers og eins.

Fjárhagsáætlun skóla- og tómstundasviðs hækkar um 160,5 m.kr. milli ára.

	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Fræðslumál	1.989.404.925	1.857.225.088	1.744.737.361
Tómstundamál	561.568.925	533.236.432	496.245.642
Samtals	2.550.973.850	2.390.461.520	2.240.983.003

Tafla 8: Rekstur skóla- og tómstundasviðs 2019 til 2021

Sérfræðipjónusta skólasviðs snýr að sálfræði- og talmeinaþjónustu. Önnur sérfræðipjónusta er keypt eftir þörfum. Sálfræðingar koma og sinna þjónustu við leik- og grunnskóla 5x yfir skólaárið. Talmeinaþjónusta tók breytingum haustið 2020 og samið var við Tröppu, kostnaður hækkar ekki. Biðlistar eru mislangir, þó ívið lengri í talmeinaþjónustu, en unnið er því að fjölga tímum við hverja stofnun sem minnkar biðlista. Önnur þjónusta er keypt eftir þörfum og óskum um aðstoð frá stofnunum.

Auk þess að styðja við leik- og grunnskóla bæjarfélagsins sinnir skrifstofa skóla- og tómstundasviðs forgreiningu á proskafrávikum og málproska.

Fjárhagsáætlun fyrir skólasvið tekur ekki umtalsverðum breytingum fyrir árið 2021 á rekstrarliðum en þó eru alltaf liðir sem hækka samhliða öðrum hækkunum og verkefnum sem unnið er með hverju sinni. Launaliðir hafa áhrif en aðrir liðir taka ekki miklum breytingum. Forstöðumenn ráða yfir rúmlega 2-3% af heildaráætlun fyrir utan fasta útgjaldaliði. Mikilvægt er þó að hafa í huga að við erum að veita þjónustu til barna og ungmenna, framtíðar Ísafjarðarbæjar.

GJALDSKRÁ

Hækkun er á gjaldskrá skóla- og tómstundasviðs um 2,5% samkvæmt lífskjarasamningum. Tekinn var út 10% auka afsláttur á gjaldskrá grunnskóla ef greitt var fyrir heila önn í einu. Árið 2020 gefur ekki rétta mynd af tekjum frá stofnunum sem rukka inn samkvæmt gjaldskrá Ísafjarðarbæjar vegna Covid-19 þar sem tekjur voru lægri.

Skólasvið	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Staðan í okt. 2020
Vistgjöld leikskóla	42.239.282	39.874.690	32.571.718
Fæðisgjöld leikskóla	23.451.589	24.037.000	18.842.135
Fæðisgjöld GÍ	18.500.000	22.504.848	15.770.487

Tafla 9: Áætlaðar tekjur vegna gjalda leik- og grunnskóla

Tómstundir	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Staðan í okt. 2020
Tekjur sund	17.723.588	16.174.900	13.371.319
Tekjur skíði	12.607.500	12.000.000	5.213.431

Tafla 10: Áætlaðar tekjur sundlauga og skíðasvæðis

FRÆÐSLUMÁL

Stafsmannaauður og úthlutun

Stöðugildum til grunn- og leikskóla og tónlistaskóla er úthlutað samkvæmt úthlutarreglum í líkani sem samþykkt var í bæjarstjórn 2018. Úthlutun kennslustunda tekur mið af fjölda nemenda og aldurssamsetningu í hverri stofnun. Eftir því sem börnin eru yngri í leikskólanum eru fleiri starfsmenn á bakvið hvert barnildi. Sérúrræði er tekið sérstaklega fyrir í líkaninu. Breytingar milli ára geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnanna og því erfitt að áætla alveg fyrir árið 2021 þar sem frávik og greiningar geta haft áhrif á miðju skólaári. Þó er ákveðin grunnur sem tekið er mið af út frá lögum og reglugerðum.


Grunnskólar

Aukning er á launakostnaði í grunnskólum sveitarfélagsins 2021. Áhrifa gætir vegna hækkunar á kjarasamningum starfsmanna. Samtals lækka stöðugildi í grunnskólum um 1. Gert er ráð fyrir 1,5 stöðugildi sem veikindapotti í Grunnskólanum á Ísafirði umfram það sem til þarf. Aðrir grunnskólar gera ekki ráð fyrir veikindapotti sambærilegum og GÍ. Stöðug fjölgun er á nemendum í Grunnskólanum á Þingeyri sem kallar á fleiri kennslustundir. Villa hefur verið í líkandi sem reiknar út fyrir GP og kom í ljós að þau hafa verið undir í kennslustundum og ekki tekin út kennsluskylda skólastjóra og því fjölga stöðugildum í GP, samt sem áður hafa þau unnið mjög vel með þröngan ramma.

Áætlun 2021 kallar á sparnað og hafa skólastofnanir dregið úr útgjöldum og innkaupum hjá sér og því má lítið út af bregða í áætlun 2021 svo áætlanir haldi sér.

	Grunnskólinn á Ísafirði	Grunnskóli Önundarfjarðar	Grunnskólinn á Þingeyri	Grunnskólinn á Suðureyri	Samtals
Stöðugildi 2021	61,29	4,83	8,12	9,19	83,43
Stöðugildi 2020	62,44	4,92	8	8,67	84,03
Kennslustundir 2020	932	79	142	153	1.306
Kennslustundir 2019	932	79	127	145	1.283
Kennslustundir 2018	924	78	127	145	1.274
Fjöldi nemenda 2020	363	13	37	45	458
Fjöldi nemenda 2019	361	15	35	43	454
Fjöldi nemenda 2018	371	18	32	41	462

Tafla 11: Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda (okt. 2020)



Graf 7: Þróun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar

Leikskólar

Aukning er á launakostnaði í leikskólum sveitarfélagsins 2021. Leikskólakennarar eru með ný undirritaðan kjarasamning sem hefur töluverð áhrif á dagsskipulag starfsmanna vegna fjölgunar á undirbúningstímum. Orlofsdagar hafa fjölgað samkvæmt kjarasamningum upp í 30 daga miða við 100% starfshlutfall. Leikskólar eru lokaðir í 20 daga. Breyting þessi kallar á aukningu á stöðugildum til að halda óskertri þjónustu. Mesta aukning á launakostnaði er á Grænagarði þar sem í fyrsta sinn í mörg ár er leikskólinn mannaður af menntuðu starfsfólki, mikill fjarsjóður fyrir starfið. Nýbygging við Eyrarskjól hefur verið tekin í notkun og verður full nýtt árið 2021 og fjölgar þar leikskólaplássum í sveitarfélaginu um 22. Viðmið Ísafjarðarbæjar er að bjóða börnum frá 18.mánaða aldri leikskólavist. Í dag getur Ísafjarðarbær boðið öllum 12 mánaða börnum leikskólapláss í öllum leikskólum sveitarfélagsins. Mælt er með því að taka ekki yngri börn inn á leikskólanna en 12.mánaða. Í reglugerð sem undirrituð var 2020 fá foreldrar 12 mánaðar fæðingarorlof.

Aukning er um fjögur stuðningsstöðugildi árið 2021, aukning þessi er lögbundin. Samkvæmt samningi við Hjallastefnuna (frá árinu 2013) greiðir Ísafjarðarbær stuðningsstöðugildi. Samningur Ísafjarðarbæjar við Hjallastefnuna er í endurskoðun. Til skoðunar er kostaður Ísafjarðarbæjar út frá samningi sem undirritaður var árið 2013.

Sumarið 2021 færast 34 börn á Sólborg og Eyraskjól yfir á Tanga. Samkvæmt því og án breytinga verða um 35 leikskólapláss vannýtt á Sólborg og Eyraskjól haustið 2021.

	Sólborg	Laufás	Tjarnarbær	Grænigarður	Eyrarskjól	Samtals
Stöðugildi 2021	34,53	4,36	7,08	5,37	-	51,34
Stöðugildi 2020	31,76	5,14	6,73	7	21,94	72,57
Stöðugildi 2019	30,47	4,8	5,58	5,4	19,57	65,82
Fjöldi starfsmanna 2020	33	6	6	5,26	25	75,26
Fjöldi starfsmanna 2019	32	5	6	7	22	72
Nemendafjöldi 2020	108	15	16	15	68	222
Nemendafjöldi 2019	101	14	21	18	68	222
Dvalarstundir 2020	1271,95	156,3	195,13	173,6	781,57	2.578,55
Dvalarstundir 2019	1268,4	160,4	-	-	1063,2	2.492

Tafla 12: Stöðugildi, starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana sem heyra undir það (okt. 2020)

	2015	2016	2017	2018	2019
Ísafjörður	44	35	34	18	22
Tjarnabær	3	5	0	4	5
Grænigarður	3	5	1	2	6
Laufás	2	4	2	3	1
Samtals	52	49	37	27	34

Tafla 13: Börn fædd eftir árum

DÆGRADVÖL OG FRÍSTUND

Starfsemi dægradvalar á Ísafirði er tvíþætt: Frístund fyrir 1.-4. bekk, sem vinnur með grunnskólanum að brjóta upp skóladaginn. Þar kemur íþróttaskóli HSV einnig inn. Dægradvöl tekur við kl. 14:00 og er

til kl. 16:00 en 1.- 2. bekkur nýtir sér helst úrræðið. Sama starfsfólk er í dægradvöl og frístund. Fjöldi starfsfólks ræðst af fjölda nemenda sem getur verið misjafn milli ára, allt eftir stærðum árganga.

Í öðrum byggðakjörnum er boðið upp á dægradvöl í leikskólunum. Þjónustan er nýtt í öllum byggðakjörnum en mismikið þó, yfirleitt 1-3 börn.

Stöðugildi forstöðumanns dægradvalar og forstöðumanns félagsmiðstöðvar var lagt niður á vor-mánuðum 2020 og sameinað í eitt. Fyrirkomulagið hefur komið vel út með góðum mannauð og búið er að útbúa eitt stöðugildi í áætlun 2021.

Tónlistaskólar

Ísafjarðarbær greiðir launakostnað tveggja tónlistarskóla. Í áætlun 2021 er ekki gert ráð fyrir aukningu á stöðugildum. Sveiflur eru í framlagi Jöfnunarsjóðs og fer framlagið eftir fjölda söngnema á miðstigi eða framhaldstigi og hljóðfæranemenda á framhaldsstigi. Árið 2021 eru áætlaðar endurgreiðslur frá Jöfnunarsjóði að upphæð kr. 21.840.402,- en óljóst er hverjar þær verða þegar upp er staðið. Framlag til tónlistaskólanna árið 2021 er kr. 123.226.109,-.

	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi stöðugilda 2020
Tónlistaskóli Ísafjarðar	12,50	13,36
Listaskóli Rögnvaldar	3	3

Tafla 14: Stöðugildi í tónlistarskólum (okt. 2020)

ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Málefni íþrótta og tómstunda heyra undir skóla- og tómstundasvið. Félagsmiðstöðvar og vinnuskóli ungmenna heyra einnig undir sviðið. Ekki er aukning á stöðugildum eða varanlegar breytingar á þessu sviði almennt en launahækkunir koma við sögu á þessu sviði eins og öðrum. Sundlaugar eru með óbreyttum opnunartíma og skíðasvæði vinnur eftir veðri. Tekjur almennt á þessu sviði lækka árið 2020 og hafa lokanir í sundlaugum, líkamsrækt og skíðasvæði vegna Covid-19 þar mest að segja. Áætlun fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir svipuðum tekjum.

Stærsti liðurinn er Héraðssamband Vestfjarða. Nýr samningur tekur gildi janúar 2021 en ekki eru stórar breytingar í þeim samningi, hækkun vegna gjaldskrárhækkunar og vísitöluhækkunar. Heildargreiðslur til HSV eru 130.381.840,- með millifærslum á tímum í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar samkvæmt gjaldskrá.

Íþróttamannvirki

Rekstrarkostnaður við íþróttamannvirki taka ekki breytingum milli ára. Miklar og góðar endurbætur hafa farið fram á Flateyri og í Sundhöllinni á Ísafirði. Viðhald og endurbætur eru á eignasjóði. Opnunartímar íþróttamannvirkja og stöðugildi eru þau sömu á milli ára.

Forstöðumaður Íþróttamannvirkja fer með umsjón á Torfnesi, Suðureyri og Flateyri. Annar forstöðumaður er með Íþróttamannvirkin á Þingeyri og sinnir hann tjaldsvæði Þingeyrar samhliða því en tjaldsvæðið er afar vel sótt.

	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi stöðugilda 2020
Torfnes	3,54	3,63
Sundhöll Ísafjarðar	6,56	6,12
Íþróttamiðstöð Flateyri	1,69	1,69
Íþróttamiðstöð Þingeyri	2,99	2,99
Íþróttamiðstöð Suðureyri	2,36	2,35

Tafla 15: Stöðugildi í Íþróttamannvirkjum (okt.2020)

Félagsmiðstöðvar

Starfræktar eru félagsmiðstöðvar í öllum byggðarkjörnum. Djúpið Ísafirði er fjölmennasta og stærsta félagsmiðstöðin. Opnun er misjöfn eftir byggðarkjörnum, félagsmiðstöðvar eru opnar að lágmarki einu sinni í viku. Mikil og góð samvinna er á milli félagsmiðstöðva og koma nemendur frá minni bæjarkjörnunum skipulega í Djúpið, félagsmiðstöðvar sjá um akstur. Samvinnan skilar sér í frekari samheldni nemenda og eykur á fjölbreytni í félagslegum samskiptum.

Vinnuskóli

Breytingar þurfa að eiga sér stað í vinnuskólanum 2021 til að mæta kostnaði en jafnframt bjóða ungmennum upp á vinnuúrræði yfir sumartímann. Í nýrri uppsetningu er búið að fækka vikum ungmenna og vinnutími stytur. Bætt er við 1 stöðugildi flokkstjóra þar sem miðað er við að ekki séu fleiri en 16 ungmenni undir hverjum flokkstjóra. Áætlaður fjöldi ungmenna í vinnuskólanum 2021 er 101, með því að auka þjónustu og bjóða 7. bekk í 2 vikur eru 133 ungmenni í 2 vikur.

Bekkur / Nemendafjöldi	Tímar á dag / viku	Fjöldi vikna	Laun
*7. bekkur / 32	4 / 20	2	400 (512.000,-)
8. bekkur / 31	4 / 20	4 (6)	765
9. bekkur / 40	5 / 25	5 (7)	950
10. bekkur / 30	6 / 30	6 (8)	1145
*Kemur inn sem nýr liður.	Vinnutími var til kl. 14:00 hjá öllum	Í sviga eru vikurnar sem voru í boði 2020	

Tafla 16: Uppfærð áætlun vinnuskóla

Fjöldi	
Yfirflokkstjóri	1
Flokkstjórar	5, miðað við 16 ungmenni í umsjón

Tafla 17: Starfsmenn vinnuskóla

Skíðasvæði

Rekstur skíðasvæðis verður með sambærilegum hætti og árið 2020. Hækkun er á einstökum liðum vegna kaupa á beltum á troðara. Önnur lækkun er á liðum þar sem kaupum á t.d. tölvubúnaði er frestað um 1 ár. Kaup á sérhæfðum troðara er ekki inni á áætlun en fyrir liggur kostnaðaráætlun upp á kr. 32.000.000,- ef til þess kæmi. Troðarinn kæmi í staðin fyrir eldri troðarann, sem þarfnast viðgerðar, en Söluandvirði eftir viðgerð er áætluð um 14-16 m.kr.

STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Hluti sameiginlegs kostnaðar er síðan færður á aðrar deildir með millifærslum ýmist með tilliti til fjölda starfsmanna, fjölda launafærslna, fjölda reikninga eða fjölda bókhaldsfærslna.

Bæjarskrifstofur

Á árinu 2020 var gert ráð fyrir 16,6 stöðugildum á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir um 15,9 stöðugildum. Áætluð laun og launatengd gjöld í kringum 195,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að hönnun vegna breytinga á afgreiðslu og eldhúsi starfsmanna ljúki á árinu 2020, og að framkvæmd breytinga samkvæmt teikningum fari fram árið 2021. Um er að ræða að framlengja afgreiðsluborð í átt að fundarsal, og loka með opnanlegu hliði fyrir gesti, enda er nauðsynlegt að hefta aðgengi utanaðkomandi aðila að skrifstofum. Þá er gert ráð fyrir að bætt verði við öðrum ísskáp í eldhús, en reynslan hefur sýnt að einn einfaldur dugir ekki fyrir starfsmenn allra sviðanna fjögurra, sem nýta eldhús- og kaffiáðstöðuna á sviðinu. Gert er ráð fyrir um 1,5 m.kr. vegna þessa.

Á árinu 2020 var samið við lögmannsþjónustu til að ljúka við innleiðingu persónuverndarlaga hjá sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að innleiðingu ljúki veturinn 2020/2021, en hluti af samningi er að utanaðkomandi lögmaður sinni starfi persónuverndarfulltrúa til loka árs 2023, með fyrir fram umsömdu vinnuframlagi mánaðarlega. Þá er gert ráð fyrir um 5 m.kr. vegna þjónustu lögmanns við að reka mál sveitarfélagsins fyrir óbyggðanefnd. Ekki er ólíklegt að kostnaðurinn verði endurgreiddur við lok máls, líklega árið 2022, auk annars lögfræðikostnaðar 1,5 m.

Áætlað er að uppfæra útlit heimasíðu sveitarfélagsins og er gert ráð fyrir kr. 500 þ.kr. vegna þess. Þá er gert ráð fyrir að þýða heimasíðuna, a.m.k. á ensku og pólsku á árinu 2021, og er áætlað 800.000 þ.kr. Áætlað er að uppfæra One-System, m.t.t. persónuverndarlaga, s.s. með nýrri íbúagátt (One Portal Citizen) en kaup á kerfinu og innleiðing er um 2 m.kr., auk þess sem önnur úttekt jafnlaunavottunar fer fram árið 2021.

Gert er ráð fyrir að allir bæjarfulltrúar fari á Fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2021. Gert er ráð fyrir fjármagni til ferða og gistingar vegna þess.

Áætlað er að reyna að draga úr ýmsum útgjöldum sveitarfélagsins á sviðinu, s.s. að yfirfara alla samninga við ýmiss fyrirtæki og hugbúnaðarfélög, hvort þjónusta sé nauðsynleg eða samræmist markmiðum sveitarfélagsins um að veita góða og hagkvæma þjónustu til íbúa sinna, draga úr auglýsingum sem ekki eru nauðsynlegar, s.s. vegna fastra auglýsingaborða á fréttasíðum og aðrar styrktarlínur, segja upp áskriftum og tímaritum sem ekki eru lesin. Þá er markmið yfirferðar samninga jafnframt að kanna hvort hægt sé að nýta betur þá þjónustu sem greitt er fyrir, s.s. við símaver um að stýra viðtals- og símatímum starfsmanna, en innleiðingu vegna þessa er áætlað að ljúki veturinn 2020/2021.

Alþingiskosningar

Gert er ráð fyrir alþingiskosningum á árinu 2021 en þær eru að fullu endurgreiddar af ríkissjóði.

Endurskoðun

Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við endurskoðun á árinu 2021, en örútboð fór fram í lok árs 2020. Niðurstaða þess liggur ekki enn fyrir. Aðalmarkmiðið er augin þjónusta og úthýsing fleiri verkefna varðandi endurskoðun, stjórnsýsluúttekt og gerð ársreikninga, auk lækkun kostnaðar.

Ónotað húsnæði

Hér flokkast innri leiga frá eignasjóði vegna húsnæðis sem ekki er notað af stofnunum sveitarfélagsins eða stendur autt en ekki er ætlast til að Eignasjóður beri kostnað af slíku húsnæði. Um er að ræða níu eignir, Skólahúsnæði Bakkavegi 9, Bakkaskjól Bakkavegi 19-21, Svarta pakkhúsið Flateyri, Vallargata 1 Þingeyri, Vallargata 3 Þingeyri, Salthús Þingeyri, Suðurtangi 2, Fjarðarstræti 20 og Sundstræti 14.

Óseldar íbúðir í Sindragötu 4a bætast við hér, íbúðirnar 233-6555 (ekki í leigu), 250-5762 (í leigu) og 250-5764 (í leigu). Deildin 21-310 mun þó ekki verða rukkuð um innri leigu vegna þeirra fyrr en 2022. Húsaleigutekjur vegna 2020 eru engu að síður að skila sér inn á 21-310 vegna þeirra. Þetta er vegna eignfærslna eftir áramót, eftir að búið er að reikna innri leigu fyrir næsta ár, og gildir um allar nýframkvæmdir að fyrsta árið er án innri leigu.

Nauðsynlegt er að taka ákvörðun um hvaða eignir sveitarfélagið hyggst eiga áfram, enda fylgir kostnaður af þessum eignum, sérstaklega í formi hita og/eða rafmagns og trygginga. Skoða mætti hvort einstakar eignir mætti setja í söluferli, eða jafnvel vera tækar til niðurrifs, og betri nýtingar lóðar.

Upplýsingakerfi

Útboð vegna tölvukaupa var lokið í árslok 2020, en samið var við Origo. Áætlað er að skipta út sýndarvélum (zero-clients) fyrir venjulegar tölvur. Kaupum á nýjum tölvum ætti því að ljúka í lok árs 2020. Samtímis þessu, eða í byrjun árs 2021 verður þjónustusamningur um tölvukerfi boðinn út sem og samningur um prentþjónustu. Áætlað er 1 m.kr. í innleiðingu á 365 og stefnumótun í tölvumálum, og um 3 m.kr. í umskiptikostnað. Sparnaður liggur ekki fyrir á þessu stigi, og er því áætlaður sami kostnaður og við núverandi kerfi, eða kr. 25,5, m.kr.

Þá er nauðsynlegt að uppfæra hugbúnað símstöðvar sveitarfélagsins, en núverandi hugbúnaður heimilar ekki fleiri breytingar á símanúmerum, auk þess sem koparlínur munu lokast í janúar 2021. Samtímis því verður innleidd símsvörun í gegnum tölvuforrit og heyrnartól í stað þess að endurnýja borðsíma á bæjarskrifstofum, sem eru allflestir orðnir lélegir og margir ónothæfir. Áætlað er að kostnaður við rafrænar lausnir við símsvörun séu lægri, en með kaupum á nýjum símtækjum fyrir bæjarskrifstofur. Gert er ráð fyrir að uppfærsla á símstöð, hugbúnaði og heyrnartólum sé um 1,5 m.kr.

Þá er áætlað að uppfæra One-System, þ.e. samningahluta kerfisins (One-Contract) að fjárhæð 700 þ.kr. Er það viðbót við núverandi kerfi, sem áætlað er að kosti kr. 2,7 m.kr. árlega. Rekstrarkostnaður

vegna Navision Financials bókhaldskerfis og þjónustu við Wise er áætlaður 10,3 m.kr. og rekstrar-kostnaður vegna Vinnustundar og Kjarna launakerfis er áætlaður 8,6 m.kr. Áætlaður kostnaður við Snerpu vegna netþjónustu í Stjórnsýsluhúsinu er 1,7 m.kr. og tilfallandi tölvubúnaður um 1 m.kr. og önnur tilfallandi forrit um 500 þ.kr.

Starfsmannakostnaður

Framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 3,7 m.kr. í árshátíð starfsmanna. Þátttaka í árshátíð hefur aukist ár frá ári. Vilji er til að halda kostnaði starfsmanna í lágmarki og að makar greiði því sem samsvarar kostnaði við matinn. Með hliðsjón af Covid-19 faraldrinum, er gert ráð fyrir að árshátíð starfsmanna verði haustið 2021, í stað vors, eins og síðastliðin ár.

Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. vegna utanaðkomandi ráðgjafar til að leita lausna við heilsueflandi aðgerðir, með það að markmiði að draga úr veikindafjarvistum. Gert er ráð fyrir 3,3 m.kr. í stjórnendapjálfun, þar sem gert er ráð fyrir þjálfun forstöðumanna og sviðsstjóra ásamt bæjarstjóra, auk 3 m.kr. vegna sameiginlegs starfsdags starfsmanna.

Gert er ráð fyrir 1,6 m.kr. í jólagjafir og um 1,2 m.kr. í íþróttastyrk. Þar sem Ísafjarðarbær er nýlega orðinn heilsueflandi samfélag er jafnframt gert ráð fyrir að um þriðjungur starfsmanna fari í heilsufarsskoðun og um 100 starfsmenn í influensuspöðun og er heildarkostnaðurinn þar um 1 m.kr.

Lífeyrisskuldbindingar

Með nýjum útreikningum um áfallnar lífeyrisskuldbindingar vegna ársins 2020 liggur fyrir að hækkunin verði hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Milli áranna 2020 og 2021 er áætluð hækkun um 89 m.kr.

Framlög til B-hluta fyrirtækja

Samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, ber aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til B-hluta fyrirtækja til að mæta rekstrarhalla þeirra í þeim tilvikum sem þeim er falið að sjá um lögbundin verkefni eða önnur venjubundin verkefni s.s. félagslegar þjónustustofnanir. Á árinu 2021 er áætlað framlag til Byggðasafns Vestfjarða að fjárhæð 22,6 m.kr. en gert er ráð fyrir að Fasteignir Ísafjarðarbæjar og Þjónustuíbúðir Hlíf verði reknað með rekstrarafgangi. Hjúkrunarheimilið Eyri er þó rekið með viðvarandi rekstrarhalla, 21 m.kr., en ekki er gert ráð fyrir framlagi til þess þar sem viðræður eru í gangi við ríkissjóð um nýjan samning sem kæmi til móts við rekstrarhalla þess.

Óvenjulegir liðir

Á deild 27100 er áætlaður veikindapottur 9,5 m.kr., auk 0 m.kr. í ófyrirséðan kostnað.

MENNINGARMÁL

SAFNAHÚSIÐ

Áætlaðar eru lagfæringar í lessal bókasafnsins og málun, samtals 2 m.kr., auk þess sem þörf er á uppfærslu heimasíðu. Gert er ráð fyrir 500 þ.kr. vegna þess. Starfsemi og fjárhagsáætlun er að mestu óbreytt.

LEIKHÚS

Gert er ráð fyrir greiðslum til Kómedíuleikhússins á árinu 2021 að fjárhæð 1,75 m.kr.

FÉLAGSHEIMILI

Fjögur félagsheimili eru í eigu sveitarfélagsins, í Hnífsdal, Flateyri, Pingeyri og Suðureyri. Rekstur er óbreyttur á milli áætlana, þó gera megi ráð fyrir einhverjum sparnaði við orkunotkun, enda fór útboð fram á árinu 2020 með það að markmiði að lækka kostnað.

AÐRAR HÁTÍÐIR

Áætlun á aðrar hátíðir í bænum er 5,3 m.kr. Meðal þeirra hátíða eru viðburðir í kringum veturnætur, jól, áramót, páska og 17. júní auk ýmissa viðburða á vegum annarra en Ísafjarðarbæjar sem eru styrktir með fjárframlagi eða vinnuframlagi. Styrkir til Aldrei fór ég suður og Act Alone eru 0,7 m.kr., Dýrafjarðardaga og Stútungs 0,2 m.kr. Aðrir styrkir eru að lægri fjárhæð, s.s. til hlaupahátíðar.

ÝMSIR STYRKIR

Menningarstyrkir eru 2 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir niðurgreiðslum fasteignagjalda til félagasamtaka allt að 1 m.kr. og styrk til Tungumálatöfra 0,4 m.kr.

ATVINNU- OG FERÐAMÁL

ATVINNUMÁL

Gert er ráð fyrir 1,245 m.kr. þjónustugjöldum til Blábankans, auk 25% stöðugildis þjónustuaðila. Vilji er til að fara í stefnumótun í menningarmálum innan atvinnu- og menningarmálanefndar, en ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa að svo stöddu.

Þá er gert ráð fyrir greiðslu launakostnaðar vegna verkefnastjóra á Flateyri, en sveitarfélagið greiðir 50% launa á móti framlagi ríkisins, auk stjórnunarkostnaðar.

FJALLSKIL, FJÁRGIRÐINGAR OG FJÁRRÉTTIR

Áætlaðar eru 6,2 m.kr. í viðhald á fjárgirðingum í sveitarfélaginu en helst þarf að laga fjárgirðingar á Flateyri, Þingeyri og í Súgandafirði, auk þess að slá meðferð girðingum. Fjallskil og fjárréttir eru áætluð í takt við fyrri ár, örlítil lækkun.

TJALDSVÆÐI

Samningur er við rekstraraðila um tjaldsvæði í Tungudal, en óvissa er með rekstraraðila á Flateyri, þar sem núverandi aðili ætlar sér ekki að vera áfram sumarið 2021. Tjaldsvæðið á Þingeyri er rekið af íþróttamiðstöð Þingeyrar. Ekkert tjaldsvæði er rekið á Suðueyri. Gert er ráð fyrir viðhaldi tjaldsvæða upp á 2 m.kr.

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Undanfarin ár hafa landshlutamiðstöðvar þ.á.m. Upplýsingamiðstöð Vestfjarða fengið rekstrarstyrk frá Ferðamálastofu upp á 2,5 m.kr., sá styrkur var ekki til úthlutunar með sama hætti árið 2020, og ekki er gert ráð fyrir honum í rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar heldur árið 2021.

Aðeins er gert ráð fyrir ráðningu eins sumarstarfsmanns, í stað þriggja eins og síðustu ár, sumarið 2021, enda ekki áætlað að neitt skemmtiferðaskip komi. Breytist forsendur vegna þess, má gera ráð fyrir að þörf sé á auknum fjölda starfsmanna. Rekstur er áætlaður fjárhagslega að öðru leyti með sambærilegum hætti og síðustu ár, en fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar á starfsemi Upplýsingamiðstöðvarinnar, s.s. breytt staðsetning og þjónusta, með það að markmiði að straumlínu-laga þjónustu við ferðamenn, samnýta auðlindir, efla sýnileika ferðamannasvæðisins á Ísafirði og lækka kostnað. Fjárhagsleg niðurstaða deildarinnar mun því skýrast þegar líður á árið 2021, en veltur m.a. á fjölda ferðamanna og skemmtiferðaskipa.

FRAMLÖG TIL FERÐAMÁLA OG ÝMSIR STYRKIR

Gert er ráð fyrir aðkeyptri þjónustu frá Koltru að fjárhæð 0,75 m.kr. og framlags til Markaðsstofu Vestfjarða 3,64 m.kr. í samræmi við ákvörðun fjórðungspings. Auglýsingar og aðrir kostnaðarliðir vegna ferðamála eru áætlaðar 0,85 m.kr.

Gert er ráð fyrir styrk til FabLab sem er að hámarki 4 m.kr.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFJARÐA OG VESTFJARÐASTOFA

Gert er ráð fyrir sambærilegu framlagi til Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu að undanskildu því að ekki verða greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2021.

Samanburður	2021		2020	
	mánaðargr.	ársgr.	mánaðargr.	ársgr.
Rekstur skrifstofu	455.046	5.460.552	450.522	5.406.264
markaðsstofa	303.364	3.640.368	300.348	3.604.176
Menningarmál	441.662	5.299.944	437.271	5.247.252
Umhverfi	178.449	2.141.388	176.675	2.120.100
Atvinnuþróun	289.980	3.479.760	287.097	3.445.164
Lífeyrisskuldbindingar	-	-	331.266	3.975.192
markaðsstofa		-		
Samtals	1.668.501	20.022.012	1.983.179	23.798.148

Tafla 18: Samanburður árstíllaga 2020 og 2021

UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingarmálum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, eignasjóði Ísafjarðarbæjar og Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Undir umhverfis- og eignasvið heyrir einnig þjónustumiðstöð, vatnsveita, fráveita og Funi sorpeyðingarstöð.

MENNINGARMÁL

Tjöruhúsið

Húsaleigutekjur er um 1,8 m.kr. á ári í samræmi við samning sem gerður var 2018.

HREINLÆTISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Lögbundið framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 19,8 m.kr. árið 2021.

Sorphirða og sorpeyðing

Ger ráð fyrir að kostnaður vegna samnings milli Ísafjarðarbæjar og Terra ehf. geti numið um 91,4 m.kr. árið 2021. Bætt hefur verið við sorphirðu í dreifbýli og einnig er sorpmagn að aukast á milli ára, möguleg. Þjónustugjöld nema um 87,8 m.kr. og endurgreiðslur vegna urðunar í Fíflholti 14,4 m.kr.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Tæknideild

Gert er ráð fyrir meiri kostnaði við verkfræði- og arkitektapjónustu sem nemur um 1 m.kr., árið 2020 var áætlað 0,85 m.kr. í gerð vegna aðkeyptrar þjónustu s.s. lóðamælingar og útsetning lóða. Gert er ráð fyrir að stöðugildi við almenn skrifstofustörf verði 100% árið 2021, launakostnaður hækkar á milli ára vegna biðlauna. Jafnframt er gert ráð fyrir aukningu um 2,4 m.kr. vegna kaupa á skráningarkerfi byggingarfulltrúa One Land Robot og áskrift kerfis.

Aðalskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektapjónustu er áætlaður 10 m.kr. árið 2021. Kostnaðurinn kemur til vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Endurgreiðslur úr Skipulagssjóði eru áætlaðar 5 m.kr. eða 50% af kostnaði við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að ferlið taki tvö ár, 2021 og 2022, og heildarkostnaður verði um 20 m.kr. Samningur var undirritaður 2019 við Arkís arkitekta um verkið.

Deiliskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu er áætlaður 5,5 m.kr. árið 2021. Kostnaðurinn felst í gerð deiliskipulags og hækkunar á auglýsingakostnaði. Áætlað er að vinna að deiliskipulagi í Sundstræti, Dagverðardal o.fl. tilfallandi.

Byggingarfulltrúi

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfisgjöld, byggingarleyfisgjöld og stöðuleyfisgjöld verði um 3,3 m.kr. Kostnaður við að fjarlægja leyfisskilt lausafé er áætlaður 2,5 m.kr., sá kostnaður bókast á lóðahreinsun en verður að fullu á forræði byggingarfulltrúa.

UMFERÐAR- OG ÖRYGGISMÁL

Gatnagerðargjöld

Ekki er gert ráð fyrir tekjum við eignfærðar götur s.s. í Tunguhverfi, vegna þess að bæjaryfirvöld hafa komið til móts við húsbyggjendur við nýframkvæmdir við tilbúna götur.

Viðhald gatna

Helstu kostnaðarliðir eru tilfallandi viðhald, 14 m.kr. í áframhaldandi átak í viðhaldi á gangstéttum í sveitarfélaginu og þar af 7 m.kr. í endurlögn á álagssvæði Aðalstrætis við Silfurtorg.

Snjómokstur og hálkueyðing

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er nokkuð breytilegur milli ára og er gert ráð fyrir að kostnaður verði 60 m.kr., sem er meðaltal áranna 2016 til 2020.



Graf 8. Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðing 2016-2020 ásamt áætlun 2019 og 2021

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru samkvæmt samningi við Vestfirskar ævintýraferðir ehf. um almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ. Inni í samningnum er akstur á kvöldin í tengslum við opnun félagsmiðstöðva. Áætlaður kostnaður árið 2021 er 49,0 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. í að endurnýja eitt bíðskýli.

UMHVERFISMÁL

Umhverfisfulltrúi

Ekki er gert ráð fyrir stöðugildi umhverfisfulltrúa á árinu 2021.

Skrúður

Gert er ráð fyrir færri ferðamönnum á árinu 2021 og minni innkomu en baukur er á staðnum sem tæmdur er reglulega. Aðkeypt þjónusta vegna salerna dregst saman og er áætluð um 1,7 m.kr.

Almenningsgarðar

Áætlaður kostnaður á árinu 2021 er 8 m.kr. en þar af er viðhaldskostnaður um 4,8 m.kr. Þörf er á almennum viðhaldi á gosbrunni á Austurvegi og annað tilfallandi og skoða þarf lýsingu í Jónsgarði ásamt öðru tilfallandi viðhaldi.

Opin svæði

Áætlun óbreytt á milli ára. Sláttur var boðinn út árið 2019 og er áætluð aðkeypt þjónusta 12,2 m.kr. á árinu 2021.

Umhirða gatna

Umhirða gatna er í umsjón áhaldahúss, áætlaður kostnaður á árinu 2021 er 22,4 m.kr.

Lóðahreinsun

Áfram verður áttak í lóðahreinsun á árinu 2021 en áætlaðar eru um 4,9 m.kr. í hana. Þar af 2,5 m.kr. vegna áttakshreinsunar á Suðurtanga.

Skreytingar jól, aðrar hátíðir

Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 4,9 m.kr. árið 2021 en starfsmaður garðyrkjudeildar sér um skreytingar í öllum kjörnum.

Minka- og refaeyðing

Áætlun er óbreytt á milli ára en gert er ráð fyrir 3,5 m.kr. Skotveiðifélag Ísafjarðar hefur séð um refaeyðingar samkvæmt samningi og samið var við Búnaðarfélagið Bjarma um minkaeyðingu.

EIGNASJÓÐUR

Árið 2021 er gert ráð fyrir 80 m.kr. í viðhald á fasteignum eignasjóðs. Stærstu einstöku verkefni árið 2021 eru: Skipta um járn á þaki millibyggingar GÞ, slípun parkets og viðhald í íþróttahúsi og sundlaug Suðureyrar eftir flóð í júlí 2020, vatnsúðakerfi í Turnhús, framkvæmd upp á 6 m.kr., þar af mótframlag Minjastofnunar um 4 m.kr. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir áætlað viðhald niður á deildir, í töflu 19.

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Sérverkefni
Skólahúsnaði Ísafirði	Tilfallandi viðhald og GÍ 4 m.kr. lóð o.fl.	11.309	7.309	4.000
Skólahúsnaði Flateyri	Tilfallandi viðhald og GÖ 500 þ.kr.	3.635	3.135	500
Skólahúsnaði Þingeyri	Tilfallandi viðhald og GÞ þak o.fl. 5 m.kr.	7.074	2.074	5.000
Skólahúsnaði Suðureyri	Tilfallandi viðhald og GS þak o.fl. 1 m.kr.	7.020	6.020	1.000
Íþróttamannvirki Ísafirði	Tilfallandi viðhald	11.363	11.363	0
Íþróttamannvirki Flateyri	Tilfallandi viðhald	2.000	2.000	0
Íþróttamannvirki Þingeyri	Tilfallandi viðhald	3.813	3.813	0
Íþróttamannvirki Suðureyri	Tilfallandi viðhald og lagfæring v. flóðs 2020 4 m.kr.	8.000	4.000	4.000
Þjónustubyggingar Ísafirði	Tilfallandi viðhald og sprinkler-kerfi í turnhús 6 m.kr., mótframlag Minjastofnun Íslands 4 m.kr.	14.816	8.816	6.000
Þjónustubyggingar innskatt.	Tilfallandi viðhald	200	200	0
Þjónustubyggingar Flateyri	Tilfallandi viðhald	200	200	0
Þjónustubyggingar Þingeyri	Tilfallandi viðhald og endurnýjun ofna í Slökkvistöð	3.395	395	3.000
Íbúðarhúsnaði Ísafirði	Tilfallandi viðhald og gluggar Krambúð, mótframlag Minjastofnun Íslands	3.703	3.703	0
Friðlýst hús og söfn	Tilfallandi viðhald, Svarta pakkhúsið utanhúss, 2 m.kr. ef styrkur á mótí	3.503	1.503	2.000
		80.030	54.530	25.500

Tafla 19. Áætlað viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar árið 2021

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Rekstrarkostnaður áhaldahússins á Ísafirði hækkar á milli ára, hækkunir má að mestu leyti rekja til kjarasamningsbundinnar hækkunar, eða um 8,7%.

FUNI: FASTEIGNIR

Gert er ráð fyrir 1 m.kr. í viðhald á húsnæði Funa.

VATNSVEITA

Árið 2021 er ætlunin að setja upp fleiri fjarálestrarmæla og gefa út reikninga mánaðarlega. Kostnaður við uppsetningu nýrra mæla er áætlaður 5,0 m.kr. Gjaldskrárlækkun tók gildi með nýrri fjárhagsáætlun 2020 og var lækkun í 0,1%. Tekjur Vatnsveitu lækkuðu um 20,5 m.kr. á milli áranna 2019 og 2020. Vegna hækkunar fasteignamats á árinu 2021, er gert ráð fyrir rekstrarafgangi árið 2021, 20,4 m.kr.

FRÁVEITA

Gjaldskrá fráveitu er óbreytt á milli áranna 2020 og 2021 og er 0,20 % af fasteignamati íbúða og lóða, rekstrarafgangur fráveitunnar er 37,7 m.kr. fyrir árið 2021 samanborið við 22,6 m.kr. árið 2020. Betri afkoma skýrist af hækkun fasteignamats.

EYRI

Árið 2021 er áætlaður kostnaður við viðhald utanhúss um 27,0 m.kr. vegna málningar- og múrviðgerða.

FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Gert er ráð fyrir 8,8 m.kr. í viðhald á eignum Fastís ehf. á árinu 2021 sem er samdráttur í viðhaldi sem nemur um 28,6 m.kr. frá árinu 2020. Rekstrarafkoma Fastís er áætluð 417 m.kr. fyrir árið 2021 að meðtöldum áætluðum söluhagnaði íbúða upp á 405 m.kr. Áætlað er að selja helming íbúða, eða um 48 á árinu 2021. Rekstrarkostnaður og tekjur eru áætlaðar miðað við að íbúðir séu seldar í árslok 2021.

Mfl.	Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Sér-verkefni
57120	Íbúðir Ísafirði	Tilfallandi viðhald	5.587	5.587	0
57160	Íbúðir Flateyri	Tilfallandi viðhald	552	552	0
57180	Íbúðir Þingeyri	Tilfallandi viðhald	1.370	1.370	0
57190	Íbúðir Suðureyri	Tilfallandi viðhald	1.300	1.300	0
			8.809	8.809	0

Tafla 21: Áætlað viðhald Fasteigna Ísafjarðarbæjar árið 2021 í þúsundum króna

SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR

Slökkvilið (ásamt brunahönum og rekstur bifreiða)

Gert er ráð fyrir óbreyttum stöðugildum eða 5,77 á árinu 2021. Rekstrarkostnaður slökkviliðs eykst um 3 m.kr. og er vegna frekari innkaupa á búnaði, viðhalds á bílum og vegna verðlags.

Í áætlun 2021 er gert ráð fyrir endurnýjun vetrar/einkennisfatnaðar fyrir 600 þ.kr. og er það vegna bæði hlutastarfandi og í fullu starfi. Þá er gert ráð fyrir 600 þ.kr. í líkamsræktarkort og þolpróf. Gert er ráð fyrir endurnýjun á öðrum búnaði og verkfærum fyrir 950 þ.kr. Mikilvægt er að halda áfram þeirri endurnýjun búnaðar og tækja slökkviliðsins sem ráðist var í á árinu 2019 og 2020. Endurnýjunarþörf slökkviliðsins á slökkviliðsgöllum eru 3-5 gallar á ári. Gert er ráð fyrir innkaupum á 3 göllum á árinu.

Gert er ráð fyrir endurnýjun á þremur brunahönum, 1.124 þ.kr.

Rekstur bifreiða hækkar í 3,5 m.kr. á ári og er það vegna viðhalds á núverandi tækjum sem eru að eldast. Inn í þessari tölu eru 6 ný nagladekk á brunabíl. Gert er ráð að nýr brunabíll komi á Ísafjörð fyrri hluta ársins 2021. Vegna hækkunar á verði frá verksmiðju og vegna verðlags þá vantar ca. 10 m.kr. í viðbót við styrkinn frá Vegagerð. Enn er þörf á frekari endurnýjun slökkvibíla á Suðureyri og er það á framkvæmdaáætlun á árinu 2022. Þegar nýr brunabíll kemur á Ísafjörð mun slökkvilið lána notaðan brunabíl á Suðureyri árgerð 1995, eru þá allir bæjarkjarnar komnir með nýjan eða notaðan bíl. Samningur er komin á við Vegagerðina vegna búnaðarkaupa vegna Dýrafjarðarganga fyrir 85 m.kr. og er gert ráð fyrir að þau verði að nánast fjármögnuð af Vegagerðinni. Búnaðurinn er væntanlegur í áföngum árið 2020 og 2021, keyptar hafa verið tvær slökkvibifreiðar á 85-95 m.kr. ekki er vítað um endanlegt verð á brunabíl fyrir Ísafjörð, sem er ennþá í smíðum í Hollandi.

Gert er ráð fyrir kaupum á nýjum þjónustubíl/sendibíl til að auka þjónustu slökkvitækja 9 m.kr. Mikil þörf er á þessari bifreið þar sem að hinar tvær eru tólf ára gamlar. Slökkvilið gerir ráð fyrir aukinni þjónustu við bæjarbúa. Þar er þessi bifreið lykilatriði.

Ný slökkvikerra er mikilvæg í okkar rekstri. Búnaðurinn er til en ekki kerran; 1 m.kr.

Slökkviliðið glímir áfram við húsnæðisvanda og fer þörfin á bættri aðstöðu að verða aðkallandi. Ráðgert er að fara í frumathugun og þarfagreiningu á árinu fyrir 4 m.kr., með það fyrir augum að finna þurfi starfseminni betri húsakost á næstu árum.

Gjaldskrá slökkviliðs 2021 hefur verið samþykkt í skipulags- og mannvirkjanefnd, miðað er við 2,5% hækkun í samræmi við lífskjarasamninga atvinnulífsins.

Sjúkraflutningar

Gert er ráð fyrir óbreyttum stöðugildum eða 7,30 á árinu 2021. Ekki er gert ráð fyrir sjúkraflutningsnámskeiðum á árinu. Sjúkraflutningssamningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var undirritaður 2020 og útleggst upp á 350 flutninga og 43 m.kr. á ári, vísitölutryggður. Samningur tók gildi 1. júlí 2020. Áframhaldandi innkaup á vetrarfatnaði eru fyrirhuguð á árinu upp á 650 þ.kr. Rekstrarkostnaður sjúkraflutninga eykst um 6 m.kr.

Öryggisþjónusta

Öryggisþjónusta í þeirri mynd sem hún er rekin í dag verður aflögð 1. febrúar 2021. Laun eru greidd út í janúar.

Slökkvitækjaþjónusta

Gjaldskrá slökkvitækjaþjónustu hefur verið endurskoðuð með tilliti til sambærilegrar þjónustu annars staðar og gerir núverandi áætlun ráð fyrir 2,5% hækkun sem miðast við lífskjarasamning atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu 2021 með aukinni sölu og hagræðingu í þjónustu. Nýir gjaldliðir koma inn 2021, akstur innan og utan þjónustusvæðis og förgun slökkvitækja.


Almannavarnir og náttúruhamfarir

Styrkir til björgunarsveita vegna samninga um fasteignagjöld eru um 2 m.kr. í áætlun 2020. Kostnaður vegna snjóflóðaeftirlits er áætlaður 433 þ.kr. Ekki er áætlað fyrir náttúruhamförum.

HAFNARSJÓÐUR

SKEMMTIFERÐASKIP

Ekki er gert ráð fyrir komum skemmtiferðaskipa á árinu 2021 en um 150 skip eru þó bókuð til hafnar. Heimsfaraldur Covid-19 hefur valdið afkomu hafnarsjóðs miklu tjóni 2020 þar sem ekkert skemmtiferðaskip kom á árinu en metfjöldi var bókaður til hafnar, alls 140 skipakomur. Á árinu 2019 komu alls 126 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar sem er mesti fjöldi sem komið hefur. Þó eru nú á síðustu vikum þessa árs jákvæðar vísbendingar um að bóluefni gegn Covid-19 sé í sjónmáli og hafa fyrirspegnir skipafélaga tekið kipp sem væntanlega stefnir í að skipafélögin muni fara strax af stað og aðstæður leyfa. Þetta gefur okkur tilefni til bjartsýni gangi það allt eftir.




Graf 9: Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar 2013-2021


SJÁVARAFLI

Talið er að landaður afli ætti að vera svipaður árið 2021 frá árinu 2020. Gera má ráð fyrir að skipafloti verði sem næst óbreyttur. Gengi íslensku krónunnar hefur fallið um 20% á árinu 2020 sem kemur fram í hærra afurðaverði sjávarafli, sem hefur bein áhrif hækkun á inngreiðslu aflagjalda. Minna hefur verið um landanir aðkomuskipa en gert var ráð fyrir haustið 2020 sem helgast af dauðri fiskgengd á miðunum. Tíðarfar hefur verið með besta móti á fiskveiðiárinu 2020. Vonir standa til að tekjur geti orðið jafn háar og gert var ráð fyrir í síðustu fjárhagsáætlun og byggja þær vonir á tölum yfir nokkurra ára tímabil.

Tekjur vegna útgerðar smábáta á öllum starfsstöðvum hafnarinnar hafa verið nokkuð stöðugar en óvissa ríkti varðandi framhaldið á Flateyri sem reyndar hefur braggast betur en þorað var að vona eftir snjóflóðið sem féll í bátahöfnina þann 14. janúar síðastliðinn. Tekjur vegna strandveiða hafa lítið breyst á milli ára og gert er ráð fyrir óbreyttu landslagi fyrir árið 2021. Áætlun næsta árs tekur mið af þessari þróun og horfum.



Graf 10: Tekjur hafnarsjóðs 2017-2021



Graf 11: Tekjur, gjöld og rekstrarafgangur hafnarsjóðs 2017-2021

FRAMKVÆMDIR VIÐ HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Áfram er gert ráð fyrir því undirbúa hafnarframkvæmdir sem miða að því að lengja Sundabakka um 300 metra ásamt dýpkun. Tilboði í stálþilið sjálft var samþykkt á haustmánuðum 2020 og er það væntanlegt til Ísafjarðar öðru hvoru megin við áramót. Fyrirstöðugarður vegna framkvæmdanna hefur verið boðinn út en hann var á fjárhagsáætlun 2020. Góð samvinna hefur verið við hafnamálasvið Vegagerðarinnar um undirbúning og er verið á samgönguáætlun 2021-2023. Gert er ráð fyrir að taka fyrsta áfanga nýs Sundabakka í notkun á árinu 2022 en það mun renna traustari stoðum undir reksturinn. Við fyrstu kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á Seatrade Europe ráðstefnunni í Lissabon í september 2019,

voru undirtektir skipafélaga mjög góðar. Mörg þeirra bíða eftir að geta nýtt aðstöðuna og finnum við fyrir miklum áhuga skipafélaga sem mörg fylgjast með framvindu mála.

Lokið er við endurbyggingu löndunarkants á Suðureyri (seinni hluti) og virðist sem svo að það nái að vera innan fjárhagsáætlunar og gekk það verkefni mjög vel fyrir sig. Hlutur ríkisins á samgönguáætlun er 75% af heildarkostnaði.

Áætlað er að endurnýja löndunarkrana á Suðureyri en krani sem var á nýja kantinum var tekinn niður og gerður upp og settur niður á Þingeyri. Unnið verður að endurbótum á bryggjufríholtum við Ásgeirsbakka á Ísafirði en sendingu á þeim seinkaði vegna Covid-19. Reiknað er með að endurnýja vörubífreið sem höfnin á en hann hefur verið ógangfær um skeið en við áætluð að vörubíspallurinn og kraninn verði fluttur á milli bíla þar sem er gott ástand á þeim hlutum. Gert er ráð fyrir að selja Toyota Hilux árg. 1997 sem er orðinn gamall og lúinn.

BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki um 2,5% á milli ára. Gestir safnsins það sem af er árinu 2020 eru 1.710 en árið 2019 voru þeir 13.200. Eins og sést á meðfylgjandi súluriti eru gestirnir fyrst og fremst af skemmtiferðaskipum.


Starfsemi safnsins verður með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2021. Þó verður opnunartími styttri en áður. Opið verður frá lokum maí og fram í lok ágúst frá kl. 10-17 alla daga vikunnar. Stefnt er á að hafa opið um páska, veturnætur og jól. Gert ráð fyrir fjölgun gesta frá yfirstandandi ári og því áætlað að innkoma vegna aðgangseyris verði til samræmis við áætlun síðasta árs. Unnið er áfram í að auka úrval söluvarnings m.a. sem tengist safninu.

Sótt verður um styrki í ýmis verkefni sem lúta að lifandi safni. Þá verður unnið áfram í að tryggja reglulega opnun Smiðjunnar á Þingeyri.

Þeir bátar safnsins sem eru sjóhæfir verða sjósettir í vor og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í þessari áætlun. Einnig er gert ráð fyrir viðhaldi á þeim bátum og haldið áfram að leita styrkja í þá báta sem ekki eru sjóhæfir.

Gætt verður aðhalds í rekstri safnsins eins og kostur er án þess að skerða þjónustu við gesti þess og íbúa á svæðinu.

Vonast er til að safnið getið haldið jólasýningu 2020 og þá fjölgi gestum, greining gesta eftir flokkum liggur fyrir í árslok 2020.



Graf 12: Gestir safnsins eftir flokkum 2016-2020.

Skýringar með grafi:

Skipulagðar ferðir: Farþegar skemmtiferðaskipa.

Almennir gestir: Erlendir og innlendir gestir sem koma utan skipulagðra ferða.

Eldri borgarar: Eldri borgarar og þeir sem fá afslátt, töldust með almennum árið 2018 og 2020.

Aðrir hópar: Hópar sem koma utan skipulagðra ferða skipanna.

Börn: Börn yngri en 16 ára og þeir sem hafa safnpassa, teljast með almennum 2020.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Ísafjarðarbær fær. Stærsti liðurinn eru reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af innri lánum aðalsjóðs sem gera 50,5 m.kr. Við útreikninginn er miðað við 3,4% vexti. Þá er reiknað með að verðbólga verði 3% en það er í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í haust.

Varðandi aðrar vaxtatekjur er reiknað með að vanskil viðskiptavina verði sambærileg og fyrri ár og gert er ráð fyrir sambærilegum vaxtatekjum af innistæðum.

TEKJUR AF EIGNARHLUTUM

Ekki er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Lánasjóði sveitarfélaga þar sem ekki var greiddur út arður á árinu 2020.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Við útreikning vaxta- og verðbótagjalda er reiknað með að verðbólga verði 3%.

FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2021 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar nemi 1534 m.kr., áætlaður beinn kostnaður sveitarfélagsins er 330 m.kr., en verkefni sem falla undir ofanflóðavarnir og hafnarmannvirki eru 50% til 90% ríkisstyrkt. Einnig er áætlað að seldar verði þrjár íbúðir í Sindragötu 4a fyrir 75 m.kr. Í töflu 17, má sjá lista yfir áætluð verkefni. Áætlað er að veita 670 m.kr. í hafnarmannvirki og er verkefnið 60% ríkisstyrkt hlutur Ísafjarðarbæjar er áætlaður 268 m.kr. af framkvæmdinni.

Áætlað er að veita 60 m.kr. í ofanflóðavarnir í Hnífsdal og Flateyri. Ofanflóðavarnir eru ríkisstyrktar sem nemur 90% af framkvæmdakostnaði, hlutur Ísafjarðarbæjar er 6 m.kr. Áætlað er að fjárfesta 550,0 m.kr. í boltahúsi. Áætlaðar eru 40 m.kr. í endurnýjun gangstétta í Holtahverfi og Suðureyri, 4,0 m.kr. í hverfisráð og að lokum er áætlað að selja íbúðir í Fastís, þar sem gert er ráð fyrir 650 m.kr. í söluhagnað.

Fjárfestingar árið 2021

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Endurgreiðslur	Fjárfesting
Ofanflóðavarnir	Hnífsdalur og Flateyri	60.000	-54.000	6.000
Hafnarsjóður Sundabakki	Stálþil og dýpkun lenging Sundabakka (60%)	670.000	-402.000	268.000
Hafnarsjóður bifreið	Lítil pallbifreið	5.000		5.000
Íþróttamannvirki: Torfnes boltahús	Boltahús/gervigras	550.000		550.000
Íþróttamannvirki: Varmadæla Leikskólar, Eyrarskjól	Varmadæla í íþróttamiðstöð þl	25.000		25.000
Götur: Ímynd miðbæjar, hellulögn	Lóð frágangur	10.000		10.000
Götur: Gangstéttir	Hellulögn Aðalstræti - hönnun	5.000		5.000
Götur: Gangstéttir	Holta- og Tunguhverfi endurgerð gangstétta	30.000		30.000
Götur: Gatnagerð Suðurtanga	Kríutangi án efsta burðarl./malb. (gatnag.gj. á móti)	45.000	-20.000	25.000
Götur: Túng., Aðalg. o.fl. SU	Skipulag tjarnar og aðkoma í bæinn - framhald	10.000		10.000
Opin svæði: Göngust. Ísafj.bær	Nýir göngustígar skv. Skipulagi	5.000		5.000
Opin svæði: Hreystigarður Hlíf	Setja niður hreystitæki og gervigras	2.000		2.000
Húsnæði: Bæjarskr. loftræsting	Loftræstikerfi í stjórnsýsluhúsinu, okkar hluti	10.000		10.000
Húsnæði: Bæjarskr. móttaka	Breytingar á móttöku velf.sv. og bæjarskr., aukið vinnurými	5.000		5.000
Húsnæði: Hlíf 4. hæð íbúðir	Hlíf, 3 íbúðir á 4. hæð, nýbygging og sala	25.000	-60.000	-35.000
Húsnæði: Tjaldsvæði	Tjaldsvæði Flateyri og Suðureyri	10.000		10.000
Húsnæði: Sindragata 4a	Sindragata 4a, sala á 3 íbúðum	0	-75.000	-75.000
Húsnæði: hönnun	Hönnunargögn slökkvistöð og safnageymslur	8.000		8.000
Húsnæði: Fastís	Sala á íbúðum í eigu Fastís	0	-650.000	-650.000
Húsnæði: Sólsetur	Sólsetur þl	10.000	-10.000	0
Lóðir og lendur: Þl	Útivistarsvæði á Þingeyri	4.000		4.000
Fráveita	Fjárfestingar í fráveitu - hönnun - 20% endurgr.	15.000	-3000	12.000
Bifreiðar: Eignasjóður	Endurnýjun bifreiða með sölu tækja	10.000	-10.000	0
Bifreiðar: Slökkvibíll	Slökkvibíll 2020	10.000	0	10.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða IS Ísafjarðarbæjar	4.000		4.000
Annað	Ófyrirséð	6.000		6.000
		1.534.000	-1.284.000	250.000

Tafla 22: Áætlaðar framkvæmdir árið 2021.

FJÁRFESTINGARÁÆTLUN 2021-2024

Verkefni fjárfestingaráætlunar	2021	2022	2023	2024	Samtals fjárfestingar
Annað	6.000	0	0		6.000
Bífreiðar: Eignasjóður	0				0
Bífreiðar: Slökkvibíll	10.000	39.000			49.000
Bífreiðar: Snjótroðari		32.000			32.000
Bífreiðar: Þjónustubíll og jeppakerra		10.000			10.000
Fráveita	12.000	20.000			32.000
Götur: Gangstéttir	30.000				30.000
Götur: Gatnagerð Suðurtanga	25.000	10.000			35.000
Götur: Ímynd miðbæjar, hellulögn	5.000			94.000	99.000
Götur: Túng., Aðalg. o.fl. SU	10.000				10.000
Götur: Öldugata Flateyri		35.000			35.000
Hafnargerð Suðureyri			152.000	60.000	212.000
Hafnarsjóður bífreið	5.000				5.000
Hafnarsjóður Flateyri		20.000			20.000
Hafnarsjóður hafnargarður ÞÍ			10.000	10.000	20.000
Hafnarsjóður krani SU		9.000			9.000
Hafnarsjóður malbikun				18.000	18.000
Hafnarsjóður Olíumúli		12.000			12.000
Hafnarsjóður Sundabakki	268.000	140.000	140.000		548.000
Hafnarsjóður vigtarskúr			15.000	18.000	33.000
Húsnæði: Bæjarskr., loftræsting	10.000				10.000
Húsnæði: Bæjarskr., móttaka	5.000				5.000
Húsnæði: Eyri, viðbygging			70.000		70.000
Húsnæði: Hlíf 4. hæð íbúðir	-35.000				-35.000
Húsnæði: Safnageymslur	4.000				4.000
Húsnæði: Sala eigna Eignasjóður	-75.000				-75.000
Húsnæði: Sala eigna Fastís	-650.000				-650.000
Húsnæði: Slökkviliðsstöð	4.000	0	100.000	300.000	404.000
Húsnæði: Sólsetur	0				0
Húsnæði: Tjaldsvæði	10.000				10.000
Hverfisráð	4.000	16.000			20.000
Íþróttamannvirki: Sundlaug SU		12.000			12.000
Íþróttamannvirki: Torfnæs boltahús	550.000				550.000
Íþróttamannvirki: Tung.sk./skí.sv.		25.000			25.000
Íþróttamannvirki: Uppbyggingasamn.		12.000			12.000
Íþróttamannvirki: Varmadæla ÞÍ	25.000				25.000
Leikskólar, Eyrarskjól	10.000				10.000
Lóðir og lendur: Byggðasafnið			10.000		10.000
Lóðir og lendur: ÞÍ	4.000				4.000
Ofanflóðavarnir	6.000	3.000	3.000		12.000
Opin svæði: Göngust. Ísafj.bær	5.000	20.000			25.000
Opin svæði: Hreystigarður Hlíf	2.000				2.000
Samtals fjárfestingar	250.000	415.000	500.000	500.000	1.665.000

Tafla 23: Áætlaðar framkvæmdir 2021-2024

STÖÐUGILDI

	2021_sá	2020_mv	2019	2018	2017
02 Velferðarsvið	58,7	64,4	59,4	60,8	56,8
04 Fræðslusvið	155,5	153,0	142,7	144,5	141,1
05 Menningarmál	9,3	9,3	8,3	8,1	8,6
06 Æskulýðs- og íþróttamál	32,0	30,2	28,2	26,5	26,2
07 Brunamál og almannavarnir	13,2	16,4	14,8	15,0	15,0
09 Skipulags- og byggingarmál	4,0	4,0	3,0	3,4	2,8
11 Umhverfismál	0,0	1,0	1,0	1,0	1,0
13 Atvinnumál	2,6	2,5	1,8	1,7	1,3
21 Sameiginlegur kostnaður	18,1	24,4	15,8	16,6	16,0
27 Óvenjulegir liðir	2,0	7,5	0,0	0,0	0,0
31 Eignasjóður	1,0	1,0	0,9	1,0	1,0
33 Þjónustumiðstöð	13,0	12,7	13,3	13,7	11,9
41 Hafnarsjóður	15,3	18,5	18,8	16,7	14,5
53 Þjónustuíbúðir	0,0	1,3	2,0	2,2	3,3
57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf	1,3	1,0	0,9	1,0	1,1
58 Byggðasafn Vestfjarða	2,7	2,7	1,4	2,9	4,4
	328,8	349,9	312,3	315,2	305,1

Tafla 24: Fjöldi stöðugilda hjá Ísafjarðarbæ 2017-2021

ÁÆTLUN STYRKJA OG FRAMLAGA 2021

Í áætlun 2021 er gert ráð fyrir 294,6 m.kr. í styrki og annað og 22,6 m.kr. í framlög til B-hluta. Lækkun á milli ára er því um 38,7 m.kr. og má sjá sundurliðun í töflu 21.

Deild	Nafn	Áætlun 2020	Áætlun 2021
9711 LÖGBUNDIN FRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG SKV. LÖGUM			
02590	Útgj.framl.v. Bjargs	700.000	700.000
02590	Útgj.framl.v. Reykjadals	370.000	370.000
02590	Útgj.framl.v. Tölvumiðstöðvar fatlaðra	130.000	130.000
02740	Orlofssjóður húsmæðra	420.000	420.000
04200	Útgj.framl. v. námsgagnasjóðs	650.000	650.000
04200	Útgj.framl.v. Endurm.sj.grunnsk.	550.000	550.000
04520	Umferðarskólinn	146.000	146.000
08110	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	19.637.872	19.837.872
21710	Fjórðungssamband Vestfirðinga	12.826.620	8.940.310
		35.430.492	31.744.182
9911 LANGTÍMAFRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG MED SAMNING 5 ÁR EÐA LENGUR			
04810	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	21.960.000	21.960.000
05550	Leikhús	1.850.000	1.750.000
11890	Ýmsir styrkir (Náttúrustofa Vestfjarða)	3.705.002	3.705.002
13800	Styrkir, framlög (Fjórðungss. Vestfjarða)	3.609.412	3.640.365
		31.124.414	31.055.367
9921 ÖNNUR FRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG 2-5 ÁR			
02890	Ýmsir styrkir, Vesturafl	7.528.357	7.500.000
02890	Ýmsir styrkir, Stígamót	700.000	0
02890	Ýmsir styrkir, Fjölsmiðja	1.715.023	1.700.000
04510	Tónlistarskóli Ísafjarðar, samningar fasteignagjalda	3.909.888	2.092.200
04530	Lýðháskólinn á Flateyri	11.200.000	11.200.000
05890	Ýmsir styrkir (Fjórðungss. Vestfjarða)	5.711.058	5.299.944
05890	Ýmsir styrkir v. fasteignagjöld VerkVest	700.000	800.000
05890	Ýmsir styrkir	700.000	700.000
06530	Líkamsræktarstöð IS	0	5.020.000
06650	Skíðasvæði	886.000	886.000
06820	HSV, samstarfssamningur	34.100.000	34.900.000
06890	Æskulýðs- og íþróttamál, aðrir styrkir	602.835	0
06890	Aðrir styrkir, samn. fast.gj. Félagasamtök	817.165	928.000
07410	Almannav. v. samn fast.gj. Björgunarsveitir	2.000.000	2.000.000
13090	Atvinnumál, almenn	100.000	100.000
13890	Ýmsir styrkir (frumkvöðlastyrkir)	0	0
13890	Ýmsir styrkir (Fablab)	4.000.000	4.000.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög v. fast.gj. félagasamt.	400.000	400.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög (stjórnámálaflokkar)	800.000	800.000
41710	Hafnarskrifstofur, björgunarbátasjóður	2.500.000	2.500.000

41710	Hafnarskrifstofur, hafnargjöld björgunarbátur	540.000	1.560.000
		78.910.326	82.386.144
9951 STYRKIR NEFNDNA - STYRKIR OG FRAMLÖG			
02890	Velferðarsvið, ýmsir styrkir	1.208.000	1.310.000
02890	Velferðarsvið, Hlíð Verslun rekstrarframlag	3.200.000	0
05540	Bæjarlistamaður	250.000	250.000
05720	Aðrar hátíðir	2.075.000	1.175.000
05890	Ýmsir styrkir, menningarstyrkir	1.500.000	2.000.000
05890	Ýmsir styrkir, Edinborgarhúsið	4.000.000	0
05890	Ýmsir styrkir, Tungumálatöfrar	600.000	400.000
05890	Ýmsir styrkir vegna fasteignagjalda	1.000.000	1.000.000
06820	Héraðssamband Vestfirðinga íbúðir	7.560.000	7.800.000
06890	Aðrir styrkir vegna fasteignagjalda	390.000	260.000
06890	Aðrir styrkir, afreksíþróttabraut	1.911.614	1.000.000
06890	Aðrir styrkir, íþróttamaður ársins	200.000	150.000
06890	Aksturstyrkur	0	600.000
07420	Náttúruhamfarir	6.228.000	0
11890	Ýmsir styrkir, Fjórðungssamband Vestfjarða	2.382.001	2.142.002
13800	Styrkir, framlög til ferðamála	0	0
21030	Ýmsar nefndir, Hverfisráð	100.000	60.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög v. fasteignagjalda	445.000	0
21810	Ýmsir styrkir og framlög, Ísland ljóst.	22.288.836	1.260.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög, nemendagarðar	6.000.000	0
21810	Ýmsir styrkir og framlög, ýmislegt	55.000	305.000
		61.393.451	19.712.002
9952 Styrktarlínur			
21810	Ýmsir styrkir og framlög	250.000	50.000
05890	Ýmsir styrkir	100.000	100.000
		350.000	150.000
Annað			
02110	Fjárhagsaðstoð	22.952.000	20.550.000
02120	Móttaka flóttamanna	3.742.482	0
02150	Stuðningsþjónusta	6.022.730	2.465.787
02180	Húsaleigubætur	4.400.000	4.400.000
02190	Fasteignagjöld aldraðra og öryrkja	12.662.634	12.960.001
02310	Barnavernd	28.549.000	24.145.042
02510	Málefni fatlaðra, sameiginlegt	4.458.480	6.137.364
02550	Stoðþjónusta	45.770.912	52.965.485
02610	Áfengis- og vímuefnavarnir	1.051.919	700.000
04100	Leikskólar, sameiginlegt	6.200.000	5.200.000
		135.810.157	129.523.679
Styrkir samtals skv. sundurliðun		333.818.216	294.571.374

Tafla 25: Áætlaðir styrkir og annað 2021

